

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 2015/830 - REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

Allbäck Linus Væggefärg - hvítt

Vörunúmer:

-

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun

Hvít línolímálning, til notkunar utan- og innanhúss.

Notkun sem ráðið er frá

Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:

Sérefni ehf.

Framleiðandi:

Allbäck Linoljeprodukter AB

Síðumúla 22

Östra Balaakravägen 18

108 Reykjavík

SE-271 91 Ystad, Svíþjóð

Sími:

517 0404

00-46-411-602 02

Netfang:

serefni@serefni.isallback@allbackpaint.com

Veffang:

www.serefni.iswww.allbackpaint.com

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki

Engin.

Viðvörunarorð

Ekkert.

Hættusetningar

Engar.

Varnaðarsetningar

P102

Geymist þar sem börn ná ekki til.

EUH210

Öryggisblað er fánlegt sé um það beðið

EUH211

Varúð! Hættulegir dropar sem hægt er að anda að sér geta myndast við úðun. Varist innöndun ýringar eða úða.

Önnur merking;

Málningarefni, Flokkur d, Rokgjörn lífræn efni (VOC) <8 g/l.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Vegna vatnsinnihalds vörunnar, er hætta á sjálfsíkveikju vættra klúta afar lítil.

Hellið vatni yfir, ef til staðar er mikið magn gleypra lífrænna efna, mettuð af Linus Væggefärg.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Á ekki við

3.2 Blöndur:

Línolía			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	8 - 10
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	232-278-6	H-setningar	-
CAS	8001-26-1	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Mangansalt af 2-etylhexansýru (einungis í soðinni línolíu)			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,11 - 0,12
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	240-085-3	H-setningar	-
CAS	15956-58-8	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Augnert.2 - H319 , Eit.á æxl.2 (inntaka) - H361d , SEM-EV-2 (innöndun) - H373 , Langv.eit.á vatn 2 - H411			

2-Etýl hexansýra			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,06
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	205-743-6	H-setningar	-
CAS	149-57-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.á æxl.2 - H361d			

Títandíoxíð			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119489379-17	Innihald %	23 - 25
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	236-675-5	H-setningar	-
CAS	13463-67-7	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Krabb.2 - H351			

Kalksteinn			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	30 - 33
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	215-279-6	H-setningar	-
CAS	1317-65-3	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
-			

Etýl hýdroxýetýl sellulósi, léttfljótandi			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	8 - 10
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
-			

Vatn			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	20 - 25
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	7732-18-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
-			

Annað: Línolía inniheldur aðallega þríglyseríða úr olíu-, línól-, palmitín-, línólen-, og sterínsýrum. Varan inniheldur 0,01-0,1% kvarts sem er að finna í kalksteini í náttúrunni. Annað kvarts sem kann að berast í lungu, er hverfandi.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almenn viðbrögð:	Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið lækni, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Á ekki við nema við úðun. Tryggið ferskt loft og hvíld.
Snerting við húð	Hreinsið húð með línólúsápu og vatni.
Snerting við augu	Skolið varlega með vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni séu einkenni viðvarandi.
Inntaka	Drekkið mikla mjólk. Varan hefur laxerandi áhrif, en ekki er hætt á eitrun. Framkallið ekki uppköst.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Innöndun	Getur valdið skammvinnri ertingu í öndunarvegi.
Snerting við húð	Getur valdið vægri ertingu.
Snerting við augu	Getur valdið skammvinnri ertingu.
Inntaka	Laxerandi.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Aðgangur að vatni til augnskolunar sé til staðar.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli, eða froða sem inniheldur efni skaðleg umhverfinu.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Engar sérstakar. Varan er ekki eldfim.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Hreinsið húð eftir upphreinsunarvinnu.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Skolið mengað svæði með vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist alla óparfa losun. Reykið ekki.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á þurrum, vel loftræstum stað. Geymist fjarri matvælum, og þar sem börn ná ekki til.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæríbreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Olíuúði		1		3	WEL
Títandíoxíð		5			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

Títandíoxíð					
Notkunar svið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	10	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	700	mg/kg/likamsþ/d
Umhverfi	Sjór		PNEC	1	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,127	mg/l
Umhverfi	Vatn ósamf. losun		PNEC	0,61	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöðvar		PNEC	100	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn set		PNEC	1000	mg/kg

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum (EN 689, EN14042, EN 682).

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn sé efninu úðað. (EN166)

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr PVC, bútýl eða nítrilgúmmí. (EN374, >=0,7 mm, gegnstreymistími >8 klst).

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri

Að jafnaði er ekki þörf á öndunarhlífum.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Línolíulykt
Litur:	Hvítur
Suðumark:	100°C
Eðlismassi við 20°C:	1,5 g/cm ³
Leysanleiki:	Línolía myndar þeytu í vatni (leysanleiki <1 g/l). Má þynna með vatni. Olía og fylliefni mynda dreifu í málningunni.
Eldfimi:	Nei
Sprengifimi:	Nei
Oxandi eiginleikar:	Línolía er oxandi. Eftir að vatnspáttur vörunnar hefur þornað, gæti línolían valdið oxun í klútum.
Deilistuðull oktanól/vatn:	>3 (áætluð stærð)
Rokgjörn lífræn efni (VOC):	<8 g/l

9.2 Aðrar upplýsingar: Gufulosunarstuðull (emission factor) er <0,07 mg/(m2xklst) eftir 4 vikur.

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt við ætlaða notkun..

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Geymist ekki yfir herbergishita, en yfir +4°C.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar, sterkar sýrur og basar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Engin þekkt.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar**11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:**

Innöndun	Getur valdið skammvinnri ertingu í öndunarvegi og höfuðverk..
Snerting við húð	Getur valdið vægri ertingu.
Snerting við augu	Getur valdið skammvinnri ertingu.
Inntaka	Laxerandi.

Línolía					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>15000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	<20	mg/l/4 klst	rotta	

Allbäck Linus Væggfärg - hvítt					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Húðæting/erting		Neikvætt			
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Krabbamein		Neikvætt			Títandíoxíð telst þó mögulegur krabbameinsvaldur
Stökkbreytingar gerla		Neikvætt			
Áhrif á marklíffæri		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Neikvætt			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:	Forðist losun í niðurföll, grunnvatn og jarðveg. Varan er ekki talin hafa nein neikvæð langtímaáhrif á lífríki eða umhverfið. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi. (Línolía : LC50 >1000 mg/l).
12.2 Þrávirkni og niðurbrot:	Brotnar greiðlega niður.
12.3 Uppsöfnun í lífverum:	Safnast ekki upp í lífverum. (Línolía : BCF <10)
12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:	Að einhverju leyti vatnsleysanlegt, en brotnar greiðlega niður. Dreifanleiki í jarðvegi er takmarkaður.
12.5 PBT/VPvB:	Á ekki við.

13. Förgun**13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:**

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best. Skv. reglugerð 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 02 03 03 (Úrgangur frá leysisútdrætti.) 20 01 28 (Málning, blek, lím og resín, annað en tilgreint er í 20 01 27.) 08 01 14 (Eðja úr málningu eða lakki, önnur en tilgreind er í 08 01 13.)
Óhreinarn umbúðir	Óhreinarn umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir. 15 01 04 (Málmumbúðir.) 15 01 07 (Glerumbúðir.)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 2015/830 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat:

Á ekki við.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H351	Grunað um að valda krabbameini (innöndun)
H361d	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði (inntaka)
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif (taugakerfi)
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/17.11.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkefnafræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

Allbäck Linoljeprodukter AB
SÄKERHETSDATABLAD
LINUS VÄGGFÄRG VIT

Útgáfa:

07.09.2020